

Mættir: Snæbjörn Reynisson, Kristín Kristjánsdóttir, Fjóla Benediktsdóttir, Narfi Jónsson og Ingibjörg Inga

1. Mál

Skólabúðir og tímasetning þeirra í skóladagatali næsta skólaárs.

Umræða um tímasetningu, möguleiki er á að hafa skólabúðir að Laugum 17.-21. október og að Reykjum 9.-13. janúar. Nokkuð hefur verið rætt um að of stutt hafi verið á milli skólabúðaferða á þessu skólaári. Skólaráðsfulltrúar eru samþykkir þessum tímasetningum, þannig muni kostnaður dreifast betur á skólaárið.

2. Mál

Væntanlegar breytingar á starfsmannahaldi næsta skólaár.

Ingibjörg Inga gerði mönnum grein fyrir þeim breytingum sem fyrirséðar eru á þessum tímamarki. Ingibjörg Jónsdóttir deildarstjóri V- deild mun láta af störfum.

Valdís Óskarsdóttir K-deild lætur af störfum vegna aldurs, Hulda Hrönn Sigurðardóttir K- deild hefur sagt stöðu sinni lausri. Kristján Frederiksen kokkur í V-deild hefur tilkynnt skólastjóra að hann muni láta af störfum og það mun Björk Harðardóttir matráður í H-deild einnig gera. Þó nokkrar fyrirspurnir hafa þegar borist um hvort lausar stöður séu í GBF.

3. Mál

Drög að endurskoðuðum almennum hluta aðalnámskrá grunnskóla.

Ingibjörg Inga bað fulltrúa um að lesa, kynna sér vel drögin og senda inn athugasemdir fyrir áætlaðan tíma ef menn hefðu einhverjar athugasemdir.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/drog-ad-nyjum-namskram/grunndkolar--namskrardrog/>

4. Mál

Lögð var fram til kynningar foreldrakönnun sem gerð var fyrir allar stöðvar GBF fyrir páska. Niðurstöður ræddar og hvernig hún yrði notuð til umbóta í skólstarfinu .

5. Mál

Ingibjörg Inga afhenti fulltrúum auglýsingar sem sendar höfðu verið í skólann og farið fram á að afhentar yrðu fulltrúum skólaráðs. Beiðni um tilnefningu til foreldraverðlauna og íslensku menntaverðlaunanna 2011.

Önnur mál

- Beiðni frá fræðslustjóra um tilnefningu fulltrúa skólaráðs GBF í húsnaðisnefnd. Hún á m.a. að hafa það hlutverk að taka út skólahúsnaði í sveitarfélaginu, meta þarfir á endurbótum og fl.

Snæbjörn Reynisson tekur að sér verkefnið fyrir hönd ráðsins.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.